

Fimmtudaginn 12. desember 1996.

Nr. 73/1996.

Íslandsbanki hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Seyðisfjarðarkaupstað

(Gestur Jónsson hrl.)

Ábyrgð. Sveitarstjórnarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1996. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 11.586.385 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. nóvember 1989 til greiðsludags að frádregnum 1.884.483 krónum, sem greiddar hafi verið inn á kröfuna 19. apríl 1993. Til vara krefst hann greiðslu á 9.285.714 krónum með vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 10. maí 1989 til 17. nóvember 1993, en með dráttarvöxtum af höfuðstól og uppfærðum vöxtum frá þeim degi til greiðsludags með sama frádrætti og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst hann einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfu áfrýjanda og að málskostnaður verði látinn falla niður. Í því tilviki beri krafa hans vexti samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 17. nóvember 1989, og til lækkunar á höfuðstól komi greiðsla frá Hafsíld hf. 10. maí 1989, að fjárhæð 1.333.352 krónur, og greiðsla á 2.000.000 krónum 19. apríl 1993. Loks krefst hann þess, að dráttarvextir greiðist ekki fyrir en frá þingfestingu málsins, sem var 17. nóvember 1993, eða frá síðara tímamarki.

I.

Áfrýjandi hefur breytt varakröfu sinni frá þeirri, sem hann hafði uppi í héraði. Hann skýrir kröfur sínar svo, að aðalkrafan sé sem fyrir aðallega á því reist, að stofnast hafi gild einföld ábyrgð stefnda

á skuldbindingu Hafsíldar hf. samkvæmt veðskuldabréfi því, sem getur í málinu. Til vara sé aðalkrafan reist á málsástæðu um skaðabótaábyrgð stefnda. Varakrafan fyrir Hæstarétti sé reist á sömu málsástæðu um skaðabótaábyrgð. Sé krafan þannig fundin, að frá upphaflegri lánsfjárhæð, 10.000.000 krónum, sé dregin fyrsta afborgun lánsins, sem greidd var 10. maí 1989, að fjárhæð 714.286 krónur, en án vaxta og verðbóta, sem Hafsíld hf. innti þá jafnframt af hendi.

Stefndi hefur einnig breytt varakröfu sinni fyrir Hæstarétti. Ástæðu þess segir hann vera þá breytingu, sem áfrýjandi geri á sinni kröfugerð hér fyrir dómi, en skýringar áfrýjanda séu þær, að bótaskyldu megi rekja til atvika, er urðu í tengslum við lánveitingu Alþýðubankans hf. til Hafsíldar hf. í nóvember 1988, og að tjónið nemi lánsfjárhæðinni, 10.000.000 krónum. Miðað við þessa forsendu eigi krafa áfrýjanda að bera vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá þeim tíma, er hið bótaskylda atvik varð. Telur stefndi jafnframt, að eldri vextir en fjögurra ára miðað við þingfestingu málsins 17. nóvember 1993 séu fyrndir. Þá beri að draga frá tjónsupphæðinni þær fjárhæðir, sem áfrýjandi hafi fengið greiddar vegna lánveitingarinnar, en ekki einungis endurgreiðslu höfuðstóls, eins og áfrýjandi miði við.

II.

Við meðferð málsins í héraði voru lagðir fram hlutar af ársreikningi stefnda fyrir árin 1990, 1991 og 1992. Í skýringum með ársreikningi tveggja fyrstnefndu áranna er þess getið, að á bæjarsjóði hvíli ábyrgðarskuldbinding vegna Hafsíldar hf. og að skuld félagsins sé tryggð með veði í fasteignum þess. Var skuldin sögð nema 14.527.000 krónum fyrra árið, en 18.093.000 krónum síðara árið. Í skýringum með ársreikningi stefnda fyrir árið 1992 er þessarar ábyrgðar ekki getið. Í athugasemdum endurskoðanda segir hins vegar, að ábyrgðin sé nú færð út úr skýringum í ársreikningi, enda óvíst, hvort á hana reyni. Skilyrðum um veð fyrir ábyrgðinni hafi ekki verið fullnægt og bæjarsjóður ekki fengið þær tryggingar, sem hann gat metið gildar. Hafi bæjarstjóri tjáð endurskoðanda stefnda, að kröfunni yrði hafnað.

III.

Áfrýjandi vísar til þess varðandi aðalkröfu sína, að áskilnaði 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 um tryggingar fyrir ein-

faldri ábyrgð sveitarfélags teljist fullnægt í máli þessu. Hér standi svo á, að ábyrgðin hafi verið veitt fyrir skuld, sem tryggð var með veði, en samkvæmt skuldabréfi áfrýjanda hafi Hafsild hf. veitt Alþýðubankanum hf. 13. veðrétt og uppfærslurétt í fasteign sinni við Vestdalseyrarveg 40 á Seyðisfirði til tryggingar skuldinni. Ekkert mæli gegn því, að þessi háttur sé á hafður við að setja tryggingu. Sé ekki nauðsynlegt vegna fyrirmæla 5. mgr. 89. gr. laga nr. 8/1986 að fara þá leið að setja sérstaka ábyrgð, t. d. í formi veðs vegna ábyrgðar, sem sveitarfélag gengur í. Trygging hafi þannig verið sett með öðrum og heimilum hætti, og hafi því stofnast gild ábyrgð stefnda fyrir kröfu áfrýjanda á hendur Hafsild hf. Þá sé komið fram í málinu, að öðrum skilyrðum fyrir ábyrgðinni, sem bæjarstjórn setti, hafi verið fullnægt.

IV.

Með ákvörðun bæjarstjórnar stefnda 12. september 1988 var samþykkt tillaga bæjarráðs um að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Hafsildar hf. fyrir allt að 15.000.000 krónum. Meðal fjögurra skilyrða, sem tilgreind voru í samþykkt bæjarstjórnar, var, að „tilskilin veð fáist, sbr. 89. grein sveitarstjórnarlaga . . .“. Engra gagna nýtur hins vegar í málinu um, að félagið hafi þá eða síðar boðið fram ákveðnar tryggingar, sem bæjarstjórn hafi getað lagt mat á, hvort teldust fullnægjandi. Ekkert bendir heldur til, að upplýsingar um væntanlega veðtryggingu Hafsildar hf. til handa lánveitanda hafi legið fyrir bæjarstjórn, en veðskuldabréfið sjálft var ekki gefið út fyrr en 7. nóvember 1988. Mun málefnið ekki hafa verið borið upp síðar í bæjarstjórn.

Ákvæði 5. mgr. 89. gr. laga nr. 8/1986 er svohljóðandi: „Sveitarstjórn getur veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum, sem hún metur gildar.“ Það hefur verið skýrt svo, meðal annars í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1993, 76, að til þess að sveitarfélag verði bundið við einfalda ábyrgð, verði að vera um að ræða tryggingu, sem sveitarstjórn hefur metið fullnægjandi.

Með vísun til þess, sem nú hefur verið rakið, þykir ekki verða hjá því komist að hafna kröfu áfrýjanda þess efnis, að stofnast hafi ábyrgð stefnda á skuldbindingu Hafsildar hf. samkvæmt veðskuldabréfi því, sem um getur í málinu.

Áfrýjandi heldur því fram til stuðnings skaðabótakröfu sinni, að athafnir og síðar athafnaleysi bæjarstjóra og nafngreinds starfsmanns stefnda, þar á meðal yfirlýsing hins síðarnefnda 8. nóvember 1988, hafi orðið til þess að efla trú sína á, að ábyrgð hafi stofnast fyrir láni Hafsíldar hf. Þá hafi það verið ákvörðunarástæða fyrir lánveitingu Alþýðubankans hf., að fyrir hendi væri ábyrgð stefnda.

Á það verður ekki fallist, að áfrýjandi hafi unnið rétt á hendur stefnda vegna háttsemi bæjarstjóra og starfsmannsins, þar sem 5. mgr. 89. gr. laga nr. 8/1986 felur í sér, að bæjarstjórn ein getur tekið ákvörðun um ábyrgð og tryggingu fyrir henni. Í ljósi þessa ræður það ekki úrslitum, hvort forráðamenn stefnda hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, talið ábyrgðarskuldbindingu hafa stofnast gagnvart Alþýðubankanum hf. og síðar áfrýjanda. Verður hvorki háttsemi bæjarstjórnar stefnda né starfsmanna hans metin saknæm og ólög-mæt, eins og málið er vaxið. Af þeim sökum verður ekki talið, að grundvöllur sé fyrir skaðabótakröfu áfrýjanda.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 13. desember 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 13. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-115/1993.

Stefnandi er Íslandsbanki hf., kt. 421289-1669, Kringlunni 7, Reykjavík.

Stefndi er Seyðisfjarðarkaupstaður, kt. 560269-4559, Hafnargötu 44, Seyðisfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 11.586.385 krónur, með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. nóvember 1989 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtareiknings skv. 12. gr. vaxtalaga, allt að frádregnum 1.884.483 krónum. Til vara krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 24.485.520 krónur, með dráttar-

vöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. nóvember 1993 til greiðsludags. Einnig er krafist vaxtareiknings skv. 12. gr. vaxtalaga.

Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi og virðisaukaskatts af málflytningþóknun.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts á málskostnað. Til vara krefst stefndi, að fjárfkrafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður felldur niður.

Stefndi mótmælir sérstaklega dráttarvaxtakröfu stefnanda. Fallist rétturinn á, að stefndi sé greiðsluskyldur skv. aðalkröfu stefnanda, er þess krafist, að krafan beri samningsvexti frá gjaldfellingu lánsins til 12. október 1993.

Fallist rétturinn á skaðabótakröfu stefnanda, er þess krafist, að vextir af skaðabótakröfunni verði ákvarðaðir skv. 7. gr. vaxtalaga.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 3. nóvember 1993. Var málið þingfest 17. nóvember 1993 og dæmt af fulltrúa héraðsdómara 24. mars 1994. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, sem felldi hinn áfrýjaða dóm úr gildi 6. júní sl. og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Austurlands með vísan til stöðu dómarafulltrúa. Málið var tekið fyrir að nýju í samræmi við dóm Hæstaréttar 27. júní sl., en tekið til dóms 16. nóvember sl. að loknum munnlegum málflytningi.

Málavextir.

Fimmtudaginn 1. september 1988 kom Theodór Blöndal, framkvæmdastjóri Hafsíldar hf., Seyðisfirði, á fund bæjarráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar og óskaði eftir einfaldri ábyrgð sveitarfélagsins á láni, sem fyrirtækið taldi nauðsynlegt að fá til þess að geta endurnýjað loðnubræðslu sína að Vestdalseyrarvegi 40, Seyðisfirði. Fjórum dögum síðar ákvað bæjarráð að leggja fyrir bæjarstjórn tillögu um ábyrgð á láni fyrirtækisins gegn ákveðnum skilyrðum. Hinn 12. samþykkti bæjarstjórn samhljóða „að veita Hafsíld hf. einfalda ábyrgð á láni, allt að 15.000.000 – fimmtán milljónir króna. Ábyrgðin er veitt að því tilskildu, að a. tilskilin veð fáiast, sbr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga no. 8/1988 (svo), b. gengið verði frá skuldum Hafsíldar hf. við sveitarfélagið og fyrirtæki þess, c. hlutafé Hafsíldar hf. verði aukið, d. tryggt verði, að reykheinsibúnaður verksmiðjunnar verði settur upp, áður en vinnsla hefst“. Afrit af tillögu bæjarráðs var sent Theodór Blöndal, framkvæmdastjóra Hafsíldar hf.

Hinn 25. október 1988 ritaði Þorvaldur Jóhannsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, þáverandi bankastjóra Alþýðubankans hf. svofelltt bréf: „Það staðfestist hér með, að bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur á fundi 12/9 sl. samþykkt að

veita Hafsíld hf. á Seyðisfirði einfalda ábyrgð á láni, að fjárhæð allt að 15.000.000 – fimmtán milljónir króna.“ Var afrit bréfsins sent framkvæmdastjóra Hafsíldar hf. Ekki var getið skilyrða fyrir ábyrgðinni, svo sem greint var í tillögu þeirri, sem samþykkt var af bæjarstjórn.

Hinn 7. nóvember 1988 gaf Hafsíld hf. út skuldabréf, að fjárhæð 10.000.000 króna, til Alþýðubankans hf., og var það tryggt með 13. veðrétti í fasteigninni Vestdalseyrarvegi 40, Seyðisfirði. Greiða átti bréfið með 14 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 10. maí 1989. Bréfinu var þinglýst sama dag og það var gefið út. Bréfið var framselt stefnanda 31. desember 1989.

Bréfið sjálft var ekki áritað af stefnda með yfirlýsingu um ábyrgð. Þó var gert ráð fyrir slíkri áritun, en við þinglýsingu þess voru stimpilmerki límd yfir þessi orð: „Auk framangreindrar tryggingar lýsir Seyðisfjarðarkaupstaður því hér með yfir, að hann gengur í einfalda ábyrgð fyrir láni þessu.

Seyðisfirði, _____

f. h. Seyðisfjarðarkaupstaðar.“

Á einu afrita skuldabréfsins, sem stefnandi lagði fram í málinu, hafði stimpill bæjarstjóra verið settur yfir auðu línurnar á bréfinu, án þess þó að undirritun fylgdi. Fyrir dómi kom fram hjá Jóhanni Sveinbjörnssyni, skrifstofustjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar, að hann hefði líklega stimplað á skjal-ið.

Daginn eftir að skuldabréfinu var þinglýst, kom framkvæmdastjóri Hafsíldar hf. á bæjarskrifstofurnar á Seyðisfirði með svofellt bréf:

„Yfirlýsing um ábyrgð.

Samkvæmt veðskuldabréfi, útg. 7/11 1988 af Hafsíld hf. til handa veðdeild Alþýðubankans hf., tryggðu með 13. veðrétti í fasteigninni Vestdalseyrarvegi 40, Seyðisfirði, auðkenndu í veðmálabókum bæjarfógetans á Seyðisfirði sem skjal nr. 998/1988.

Auk ofangreinds fasteignarveðs lýsir Seyðisfjarðarkaupstaður því hér með yfir, að hann gengur í einfalda ábyrgð fyrir ofangreint lán.

Seyðisfirði, 8/11 1988.

f. h. bæjarstjórnar Seyðisfjarðar.

Vottar:

Tryggingar þessarar er getið á frumriti skjalsins.“

Þar sem bæjarstjóri var staddur í Reykjavík, óskaði Theodór Blöndal eftir því, að Jóhann Sveinbjörnsson ritaði nafn sitt á skjalið. Eftir að Jóhann hafði haft samband símleidis við bæjarstjóra, gerði hann það og stimplaði jafnframt með stimpli bæjarskrifstofu Seyðisfjarðar. Skjali þessu var þinglýst sama dag.

Áðurnefnt skuldabréf fór í vanskil á öðrum gjalddaga þess 10. nóvember 1989, þá að uppfærðum eftirstöðvum, 11.006.351 krónu, auk samningsvaxta, 577.834 króna, frá 10. maí 1989 til 10. nóvember 1989 og bankakostnaðar, 2.200 krónur, samtals 11.568.385 krónur.

Samkvæmt áritun á skuldabréfið framseldi Alþýðubankinn hf. bréfið stefnanda 31. desember 1989.

Hinn 10. janúar 1990 ritaði bæjarstjórnin á Seyðisfirði framkvæmdastjóra Hafsíldar hf. bréf, þar sem nefnt er, að fyrirtækið hafi allt að því fullnægt þremur af fjórum skilyrðum, sem bæjarstjórnin hafi sett fyrir ábyrgð, en ekki hafi verið veitt veð í samræmi við ákvæði 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Var óskað eftir, að því „yrði kippt í liðinn hið fyrsta og undirrituðum send staðfesting þar um“.

Lögmaður stefnanda ritaði Hafsíld hf. innheimtubréf 7. júní 1990, þar sem m. a. kom fram, að bréfið myndi sjálfkrafa gjaldfalla 22. þess mánaðar, yrði því ekki komið í skil. Var afrit bréfsins sent stefnda. Samkvæmt stefnu kveðst stefnandi hins vegar hafa gjaldfellt bréfið 10. nóvember 1989.

Í framhaldi þessa krafðist stefnandi nauðungarsölu á hinu veðsetta. Stefnandi sendi stefnda tilkynningar 10. nóvember 1992, 22. mars, 12. maí og 15. júlí 1993, þar sem stefndi fékk vitneskju um gang málsins að þessu leyti og samningaumleitani milli stefnanda og Hafsíldar hf.

Hinn 19. apríl 1993 voru 2.000.000 króna greiddar inn á kröfuna, og lét stefnandi 1.500.000 króna ganga upp í greiðslu á dráttarvöxtum, en 115.517 krónur sem kostnað vegna nauðungarsölu meðferðar hinnar veðsettu fasteignar og 384.283 krónur sem greiðslu á hluta af innheimtulaunum. Hinn 30. júlí 1993 var hin veðsetta fasteign seld nauðungarsölu, án þess að nokkuð greiddist upp í kröfu skv. veðskuldabréfinu. Bú Hafsíldar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Austurlands 13. september 1993. Hinn 12. október 1993 ritaði stefnandi stefnda innheimtubréf. Hinn 18. október 1993 ritaði lögmaður stefnda stefnanda bréf, þar sem segir, að ítrekuð sé sú afstaða stefnda, að einföld ábyrgð hafi ekki stofnast, og auk þess var bent á, að gjaldþrotaskiptum á búi Hafsíldar hf. væri ekki lokið.

Stefnandi lýsti kröfunni í bú Hafsíldar 22. nóvember 1993, en skv. fram lögðu vottorði skiptastjóra þrotabúsins er fyrirjáanlegt, að ekkert mun fást upp í almennar kröfur.

Í málinu liggur frammi bréf frá 8. febrúar 1994, undirritað af bæjarráðsmönnum í bæjarráði Seyðisfjarðar auk bæjarstjóra og skrifstofustjóra. Er um að ræða svar við fyrirspurn félagsmálaráðuneytis um samskipti stefnanda og stefnda vegna þess láns, sem hér um ræðir. Segir svo m. a.: „ . . . Þar sem langt er um liðið eða á fimmta ár, frá því að mál þetta var í

gangi, er erfitt nú að ráða í með fullri vissu, hvernig undirskrift (stimpill) bæjarstjóra varð til á umrætt afrit lánskjal.

Skrifstofustjóri, bæjarstjóri og framkvæmdastjóri Hafsíldar hafa saman farið yfir málið og reynt að rifja upp atburðarásina.

Bæjarstjóri var fjarverandi úr bænum á umræddum tíma. Þegar þannig háttar til, er skrifstofustjóri staðgengill hans, m. a. hvað þessi mál varðar, og embættisstimpill bæjarstjóra í hans höndum samkv. heimild bæjarstjóra.

Ekki verður fullyrt með neinni vissu nákvæmlega, hvenær stimpill bæjarstjóra var settur á afrit skuldabréfsins, en skrifstofustjóri telur líklegt, að það hafi gerst, þegar hann gengur frá yfirlýsingunni 8/11 1988, daginn eftir að skuldabréfinu var þinglýst.

Hafi gangur málsins verið eins og að framan greinir, skýrir það, af hverju bæjarstjóri vissi ekki um „undirskrift“ á umræddu skuldabréfi.“

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á því, að stefndi hafi gengið í einfalda ábyrgð á skuld þeirri, sem skuldabréfið kvað á um, en stefndi hafi gefið út sérstaka ábyrgðaryfirlýsingu, sem sé að formi og efni í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og almennar reglur kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga.

Stefnandi reisir varakröfu sína á því, að ef talið verði, að ábyrgðaryfirlýsing stefnda sé ógild, hljóti það að vera vegna atvika, sem stefndi beri ábyrgð á. Við lánveitinguna hafi komið fram af hálfu stefnda þeir aðilar, sem stefnandi hefði mátt treysta, að hefðu umboð stöðu sinnar vegna til að ráðstafa málinu skv. VII. kafla laga nr. 8/1986. Hafi þeir eða sveitarstjórn sjálf farið út fyrir lagaheimildir til veitingar einfaldrar ábyrgðar án vitundar stefnanda, sé það saknæm háttsemi af þeirra hálfu, sem baki þeim skaðabótaábyrgð eftir sakarreglunni eða eftir atvikum húsbóndaábyrgðarreglunni á tjóni stefnanda, yrði hin einfalda ábyrgð ekki metin gild. Það hefði verið forsenda fyrir lánveitingunni til Hafsíldar hf., að stefndi gengi í einfalda ábyrgð fyrir láninu. Þrátt fyrir ítrekaða upplýsingagjöf til stefnda um framgang innheimtunnar hjá Hafsíld hf. hafi því aldrei verið hreyft af hálfu stefnda, að ábyrgð væri engin, fyrr en með bréfi lögmanns stefnda 18. október 1993, að það hafi verið gert með formlegum hætti. Þann dag hafi krafa stefnanda numið 24.485.520 krónum, sem myndi höfuðstól skaðabótakröfunnar.

Stefnandi reisir kröfu sína um málskostnað á 1. mgr. 130. gr. einkamála-laga nr. 91/1991, en kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað á lögum nr. 50/1988, þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Til stuðnings vaxta-

kröfum vísar stefnandi til vaxtalaga nr. 25/1987. Auk framanritaðs vísar stefnandi til vaxtalaga nr. 25/1987.

Sýknukröfu sína gagnvart aðalkröfu stefnanda styður stefndi því, að einföld ábyrgð sveitarfélagsins á greiðslu skuldabréfsins hafi aldrei orðið virk, þar eð lagaskilyrðum fyrir gildi hennar hafi ekki verið til að dreifa. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hafi samþykkt viljayfirlýsingu um að ganga í einfalda ábyrgð fyrir láni Alþýðubankans hf. til Hafsíldar hf. að fullnægðum tiltekn- um skilyrðum. Samkvæmt 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 sé einföld ábyrgð sveitarstjórnar ekki gild nema gegn tryggingum, sem hún metur gildar. Ljóst megi vera af bréfi bæjarstjórnar á Seyðisfirði til Hafsíldar 10. janúar 1990, að fullnægjandi tryggingar fyrir ábyrgðinni hafi aldrei fengist.

Stefndi bendir sérstaklega á, að skýra beri nefnda lagagrein eftir orðanna hljóðan. Slík lögskýring sé í samræmi við tilgang reglunnar, þ. e. að forða sveitarstjórnnum og sveitarstjórnarmönnum frá ásókn þeirra, sem hafa með höndum atvinnurekstur, í ábyrgðir frá sveitarfélögum. Með lagaákvæði þessu sé stefnt að því að koma í veg fyrir, að slíkar skuldbindingar takmarki möguleika sveitarfélaga til að sinna lögboðnum verkefnum sínum. Vísar stefndi sérstaklega til dóms Hæstaréttar Íslands frá 21. janúar 1993 í málinu nr. 78/1990.

Um varakröfu stefnanda segir stefndi, að virða beri það, sem hér var rakið um tilgang 89. gr. sveitarstjórnarlaga. Lagareglan hefði lítinn tilgang og raunar lítið innihald, ef fallist væri á þá skoðun stefnanda, að sveitarsjóður verði skaðabótaskyldur á grundvelli húsbóndaábyrgðar, ef starfsmenn hans gefa út ábyrgðaryfirlýsingar, sem reynast ógildar eða fullnægja ekki lög- mæltum skilyrðum. Þeim hagsmunum, sem lagareglan í 89. gr. sveitar- stjórnarlaga eigi að vernda, sé jafnhætt, hvort sem greiðsluskuldbinding bæjarsjóðs stofnast á grundvelli samábyrgðar eða skaðabótaskyldu. Starfs- menn bæjarins geti því ekki með gáleysi bundið sveitarfélagið byrðum, sem því sé ekki heimilt að taka á sig nema með formlegri ákvörðun sveitar- stjórnar.

Undirritun bæjargjaldkera á ábyrgðaryfirlýsinguna samrýmist ekki ákvæðum 71. gr. sveitarstjórnarlaga, ef skilja á undirritunina þannig, að hann sé að skuldbinda stefnda, þar sem hann hafi ekki haft umboð til slíkr- ar undirritunar.

Þá mótmælir stefndi, að framkoma og/eða yfirlýsingar starfsmanna stefnda hafi verið sagnæmar gagnvart stefnanda, sem sé þó forsenda húsbóndaábyrgðar. Til dæmis hafi bæjarstjóri aldrei undirritað skuldabréfið, sem þrátt fyrir það hafi verið þinglýst án athugasemda hjá sýslumanni. Á því geti stefndi ekki borið ábyrgð.

Samkvæmt fræðikenningum skaðabótaréttar beri húsbóndi almennt ábyrgð á tjóni tjónþola, sem stafi af saknæmum og ólögætum athöfnum starfsmanns hans við framkvæmd starfans. Ábyrgðin takmarkist við það verk, sem starfsmaðurinn hafi með höndum fyrir vinnuveitandann. Hafist starfsmaðurinn eitthvað að, sem sé utan starfsskyldna hans, hvað þá, ef athöfnin sé í andstöðu við ófrávíkjanlega lagareglu um hlutverk eða heimildir vinnuveitandans, beri vinnuveitandinn ekki ábyrgð á athöfninni. Vísar stefndi sérstaklega til hæstaréttardóms í dómabindi frá árinu 1993, bls. 2302, og nokkurra danskra dóma.

Þá nefnir stefndi, að stefnandi búi yfir sérþekkingu á sviði útlána, en samsvarandi sérþekkingu sé ekki að dreifa hjá stefnda. Það standi því stefnanda nær að ganga úr skugga um, að ábyrgðir séu með lögformlegum hætti. Stefnandi eigi því að bera hallann af því, að ekki hafi verið fullnægt hinum lögmæltu og ófrávíkjanlegu skilyrðum sveitarstjórnarlaga.

Fallist dómurinn á varakröfu stefnanda, telur stefndi, að lækka beri bætur á grundvelli eigin sakar stefnanda. Telja verði, að sök starfsmanna stefnanda og aðgæsluleysi þeirra við að tryggja lögformlegan frágang ábyrgðarfyrirlýsingarinnar sé mun meiri en hugsanlegt gáleysi starfsmanna stefnda.

Einnig nefnir stefndi, að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að sök starfsmanna stefnda sé fólgin í athafnaleysi við að tilkynna stefnanda um annmarka ábyrgðarinnar, beri að lækka bótakröfuna verulega, þar sem engar líkur séu til þess, að slíkt athafnaleysi, þótt saknæmt sé, hafi valdið tjóni. Ógjaldfærni Hafsildar hf. hafi verið staðreynd á því tímamarki, sem tilkynning hefði getað komið til álita.

Að lokum heldur stefndi því fram, að dráttarvaxtakrafa stefnanda eigi engan rétt á sér, hvernig sem málið fari, heldur eigi að miða við 7. gr. vaxtalaga. Tekur stefndi sérstaklega fram, að réttur til dráttarvaxta geti ekki stofnast á hendur stefnda, fyrr en innheimtunni sé formlega snúið að stefnda, enda hafi honum verið ókleift og óheimilt að greiða kröfuna fyrr vegna ákvæða sveitarstjórnarlaga og almennra reglna um einfalda ábyrgð. Vísar stefndi til ákvæða 3. og 4. mgr. 9. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Málskostnaðarkröfu sína reisir stefnandi á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu sína um virðisaukaskatt reisir stefnandi á lögum nr. 50/1988, þar sem stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Niðurstöður.

Líta verður svo á, að stefnandi sé Íslandsbanki hf., en ekki eitthvert útibúa hans, sem geta ekki orðið aðilar dómsmáls í skilningi 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þrátt fyrir það að tilgreining kennitölu í stefnu

sé ekki aðalbankans og hann sé með annað heimilisfang en þar kemur fram.

Samkvæmt 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 eru reistar veigamiklar skorður við því, að sveitarfélag veiti ábyrgðir öðrum aðilum en stofnunum þess. Sveitarstjórn er þannig einungis heimilt að veita einfalda ábyrgð og þá „gegn tryggingum, sem hún metur gildar“. Í þessu máli er upplýst, að stefndi lagði aldrei mat á neinar tryggingar, enda voru slíkar tryggingar aldrei kynntar bæjarstjórn. Vegna þessa stofnaðist ekki ábyrgð í skilningi ákvæðis 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Verður því ekki fallist á aðalkröfu stefnanda í máli þessu.

Stendur þá eftir varakrafa stefnanda um skaðabætur eftir sakarreglunni eða eftir atvikum reglum um húsbónðaábyrgð.

Í 5. mgr. 89. gr. kemur fram sérstök boðregla um það, með hvaða hætti sveitarfélag getur gengið í ábyrgð fyrir fyrirtæki, en ekki verður fallist á það með stefnda, að reglan komi í veg fyrir, að almennar meginreglur um skaðabótaábyrgð utan samninga komi til greina í tilvikum sem þessum. Á hinn bóginn verður ekki fallist á það sjónarmið stefnanda, að ef ábyrgðaryfirlýsing stefnda frá 8. nóvember 1988 verði metin ógild, leiði sjálfkrafa af því, að atvik að baki ógildingarannmarkans séu á ábyrgð stefnda, sem þannig beri skaðabótaábyrgð.

Í nóvember 1988 störfuðu á skrifstofu stefnda tveir starfsmenn auk bæjarstjóra. Voru það skrifstofustúlka og skrifstofustjóri. Fyrir dómi kvaðst bæjarstjóri hafa fengið vitneskju um tilvist yfirlýsingarinnar í símtali við skrifstofustjórnann. Bæjarstjóri kvaðst ekki minnst þess að hafa séð nefnt skjal, en að hann hefði talið eftir símtalið, að skrifstofustjórinn væri að undirrita staðfestingu á samþykkt bæjarstjórnar um vilja hennar til að veita einfalda ábyrgð.

Skrifstofustjórinn kvaðst hafa talið sig vera að undirrita staðfestingu um, að bæjarstjórn hefði gert tiltekna samþykkt, en ekki hvarflað að sér, að hann væri með því að veita ábyrgð fyrir hönd sveitarstjórnar.

Samkvæmt fyrrnefndu bréfi til félagsmálaráðuneytis 8. febrúar 1994 virðast fyrirsvarsmenn stefnda reyndar hafa haft þann skilning, að undirskrift á ábyrgðaryfirlýsinguna hafi falist í stimplun með stimpli bæjarstjóra á eitt afrita skuldabréfsins, en ekki í yfirlýsingunni frá 8. nóvember 1988. Þá virðist af framburði bæjarstjórnans fyrir dómi og bréfi hans 10. janúar 1990 til Hafsíldar hf. mega ráða, að hann hafi talið, að ábyrgðin yrði sjálfkrafa virk, jafnskjótt og Hafsíld hf. hefði uppfyllt skilyrði samþykktar bæjarstjórnar.

Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar verður stefnandi að sýna fram á bótgrundvöll í málinu, sem rekja megi til bótaskyldra athafna eða

eftir atvikum athafnaleysis stefnda. Eins og mál þetta liggur fyrir dómi, verður að telja, að undirritun ábyrgðaryfirlýsingarinnar frá 8. nóvember 1988 komi ein til greina sem viðhlítandi bótaskyld athöfn stefnda. Úrlausn um bótaskyldu ræðst þess vegna af því, hvern rétt stefnandi gat reist á fyrrnefndri yfirlýsingu.

Þegar metin er aðstaða lánveitanda og síðar stefnanda, er fékk kröfuna framselda, verður að hafa í huga, að þeir eiga að búa yfir yfirgripsmikilli sérþekkingu á útlánum peninga gegn fullnægjandi tryggingum. Við þetta mat á stöðu lánveitanda og stefnanda er sérstaklega hafður til hliðsjónar dómur Hæstaréttar Íslands frá 26. október 1995 í málinu nr. 361/1993.

Í VII. kafla sveitarstjórnarlaga er að finna reglur um sveitarstjóra. Hlutverk þeirra er m. a. að koma fram fyrir hönd sveitarstjórna í málefnum sem þessum og undirrita skjöl um ábyrgðir á grundvelli samþykktar sveitarstjórna. Samkvæmt því hefði stefnandi mátt treysta yfirlýsingunni frá 8. nóvember 1988, ef bæjarstjóri hefði skrifað undir hana. Undirrituninni var hins vegar ekki svo háttað, og kemur því til skoðunar, hvort staða skrifstofustjórans hafi verið með þeim hætti, að hann hafi haft heimild til að rita undir yfirlýsinguna „f. h. bæjarstjórnar“, eins og þar segir, og binda þar með stefnda. Þegar litið er til þess, að lögbundið er, hverjir geti skrifað undir yfirlýsingu sem þessa, verður stefnandi að sýna fram á, að undir yfirlýsinguna hafi ritað aðili, sem var til þess bær af hálfu sveitarfélagsins að skuldbinda það með þessum hætti.

Í auglýsingu nr. 453/1988 frá 23. september 1988 er að finna reglur á grundvelli sveitarstjórnarlaga, staðfestar af félagsmálaráðherra, um sveitarstjóra á Seyðisfirði og starfssvið hans. Þar segir m. a., að „bæjarstjórn“ ákveði, hver skuli gegna störfum bæjarstjóra í forföllum hans. Ekki verður séð, að bæjarstjórn hafi samþykkt, að skrifstofustjórinn væri staðgengill bæjarstjóra. Breytir títtnefnt bréf bæjarráðs til félagsmálaráðuneytisins, sem stangast á við fullyrðingar stefnda í greinargerð, því engu þar um.

Þar sem lögbundið er, hverjir geti skrifað undir yfirlýsingu sem þessa, gat bæjarstjóri ekki framselt skrifstofustjóra heimildir sínar að þessu leyti, svo að engu breytir, hvað þeim fór á milli í símtali 8. nóvember 1988.

Samkvæmt framansögðu verður því að telja, að þær athafnir lánveitanda að taka án athugasemda við heimildarlausri yfirlýsingu, sem einungis var undirrituð af skrifstofustjóra eða bæjargjaldkera á lítilli bæjarskrifstofu, um ábyrgð á stóru láni, tryggðu með 13. veðrétti í fasteign, sem þurfti endurnýjunar við, komi í veg fyrir, að stefnandi geti rakið skaðabótaskyldu stefnda til yfirlýsingarinnar.

Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Tilkynningar stefnanda um innheimtu kröfunnar og færsla kröfunnar í ársreikninga stefnda í tvö ár auk ámælisverðs aðgerðaleysis stefnda, eftir að tjón varð, skapa ekki stefnanda rétt í þessu sambandi.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Seyðisfjarðarkaupstaður, er sýkn af kröfum stefnanda, Íslandsbanka hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
